

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 383/1993 fyrir mengunareftirlit í Kópavogi.

1. gr.

8. gr. gjaldskrár fyrir mengunareftirlit í Kópavogi nr. 383/1993, orðist svo:

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. október ár hvert og eindagi 1. nóvember. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda þessara fer að öðru leyti samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 15. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Eyrarbakka 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. b. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarbakkaheppi nr. 101/1975, skal á árinu 1994 vera kr. 5.000. Gjalddagi er 1. mars og eindagi 31. mars ár hvert.

Lausnargjald skv. 3. gr. fyrrnefndrar samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 5.000 við ítrekuð brot.

2. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.